

## Stjórnarfundur Kolviðar

Haldinn 28. ágúst 2020 að Þórunnartúni 6 og í fjarfundi

**Mætt:** Brynjólfur Jónsson (BJ), Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson (JBUT), Jónatan Garðarsson (JG), Reynir Kristinsson (RK) og Rósbjörg Jónsdóttir (RJ). Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF) ritaði fundargerð.

- 1. Árshlutauppgjör.** RK fór fer yfir árshlutauppgjör – helstu tölur um tekjur og gjöld samanborið við áætlun. Almennt hefur áætlun staðist þokkalega, þó aðstæður í þjóðfélaginu hafi vissulega haft áhrif. Búið er að semja um plöntukaup fyrir vorgróðursetningu, en beðið verður með að semja um plöntur fyrir haustið.
- 2. Markaðsmál.**
  - *Ársfundur.* Gögn fyrir ársfund eru að mestu til. RK fór yfir drög að kynningu á fundi – yfirlit yfir það helsta – og drög að dagskrá fundar. Ákveðið að stefna að fundi 15. september. Athugað verður hvernig hafa megi fund í fjarfundi og mögulega taka hann upp. RK og RF undirbúa fund.
  - *Loftslagsdagur.* Út úr myndinni í ár.
  - *Auglýsing í Bændablaðinu.* Nokkrar fyrirspurnir hafa komið í kjölfar birtingu auglýsingar og fór RF yfir það helsta sem spurt var um.
- 3. Ræktunarlönd.**
  - Skipulagsnefnd hafnaði umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir nýtt svæði á Geitasandi. RK og Árni Bragason landgræðslustjóri höfðu báðir samband við sveitarstjóra í kjölfarið. Málið verður tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar 10. september. Sem plan B bað RK um leyfi fyrir það sem nú þegar er komið niður og þær plöntur (um 80.000) sem til stóð að setja niður í haust.
  - Reynslan sýnir að það er um tveggja ára ferli að koma landi í gagnið (samningur undirritaður, framkvæmdaleyfi komið, skógræktaráætlun tilbúin o.s.frv.).
  - RK fór yfir aðila sem haft hafa samband varðandi lönd fyrir Kolviðarskóga – búið er að ræða við og skoða aðstæður hjá nokkrum.
  - Girðingamál eru eitt af stóru málunum varðandi lönd. Setja þarf inn skýrari ákvæði um girðingar, þar sem ef um stór lönd er að ræða getur þetta orðið mikill kostnaður.
  - Ákveðið að setja auglýsingu eftir landi aftur í Bændablaðið og inn á heimasíðu.
- 4. Gróðursetningar sumarsins.**
  - Búið er að gróðursetja á Húsavík. Í skoðun er að nota gor frá Norðlenska til áburðar á svæðinu, sbr. umræðu í Fréttablaði dagsins.
  - Gróðursetning á Úlfjótsvatni hefur gengið vonum framar.
  - Gróðursett var í fyrrihaust á Geitasandi. Sumt af því fór illa í vetur vegna frostlyftingar. Borið var á land þar sem stóð til að gróðursetja í haust.
- 5. Vottun Kolviðar.** Hægt hefur gengið að koma vottunarmálum í gang, enda fá/engin fordæmi fyrir vottun á væntri bindingu. RK hafði samband við British Standard á Íslandi. Framkvæmdastjóri þess íhugar að taka Kolvið sem forverkefni (pilot project) fyrir vottun á væntri bindingu, þar sem áhugi er víðar fyrir því.

## 6. Önnur mál.

- Heimasíðan. Hugað verður að því að koma birkivalkosti inn á heimasíðuna og PayPal greiðslumöguleika (sérstaklega fyrir erlenda aðila).
- Næsti stjórnarfundur fyrirhugaður 25. september. Stefnt er að því að halda hann á Geitasandi eða Úlfjótssvatni og gróðursetja milljónustu trjáplöntu Kolviðar.

---

---

---

---

---